



**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Túlkun staðlaðra samningskilmála við
lánveitingar til neytenda**

Guðrún Gígja Sigurðardóttir

Leiðbeinandi: Hulda Árnadóttir

Júní 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Túlkun staðlaðra samningsskilmála við
lánveitingar til neytenda**

Guðrún Gígja Sigurðardóttir

Leiðbeinandi: Hulda Árnadóttir

Júní 2020

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	4
2 Almennt um samningarétt.....	5
2.1 Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.....	5
2.2 Meginreglur samningaréttar	8
2.3 Almennt um samninga.....	9
3 Neytendalán og fasteignalán til neytenda	10
4 Staðlaðir samningsskilmálar	13
4.1 Almennt	13
4.2 Staðlaðir skilmálar við lánveitingar til neytenda.....	15
4.3 Hvernig staðlaðir skilmálar verða hluti af samningi	15
5 Túlkun staðlaðra skilmála við lánveitingar til neytenda	16
5.1 Hvað felst í túlkun löggerninga?	16
5.1.1 Almennt	16
5.1.2 Skýring	18
5.1.3 Fylling	19
5.2 Túlkun staðlaðra samningsskilmála við lánveitingar til neytenda.....	20
5.2.1 Meginsjónarmið.....	20
5.2.2 Túlkunarreglur	23
5.3 Samspil túlkunar skilmála við lánveitingar til neytenda og ógildingarreglna	26
6 Lokaorð	28
Heimildaskrá	29
Dómaskrá	30

1 Inngangur

Í viðskiptalífi nútímans aukast sífelld kröfur um hraða og skilvirkni. Til að mæta þessum kröfum hafa staðlaðir samningsskilmálar gegnt mikilvægu hlutverki, enda er hagræði af notkun þeirra umtalsvert. Slíkir staðlaðir viðskiptagerningar þykja því henta vel fjöldaframleiðslu og hröðum takti nútímans. Lögfræðileg álitaefni og vandamál sem snerta notkun staðlaðra samningsskilmála eru margþætt og snerta réttarstöðu manna á mikilvægum viðskiptasviðum.¹ Álitaefni sem vakna lúta meðal annars að túlkun slíkra skilmála. Túlkun löggerninga skipar mikilvægan sess í samningssambandi aðila, enda ákvarðar hún hvaða skuldbindingar samningsaðilar hafa tekist á hendur. Í réttarframkvæmd hafa mótast ólögfestar reglur um túlkun löggerninga og jafnframt má finna lögfestar túlkunarreglur í settum rétti.²

Staðlaðir samningsskilmálar eru gjarnan notaðir við lánveitingar til neytenda,³ en við slík lán gerir lánveitandi í atvinnuskyni lánessamning við neytanda.⁴ Skilmálarnir eru oftast en ekki samdir einhliða af lánveitandanum, án samráðs við viðsemjanda,⁵ og upp getur risið ágreiningur um inntak slíkra staðlaðra skjala. Í þessari ritgerð verður leitast við að svara þeirri spurningu hvernig staðlaðir samningsskilmálar við lánveitingar til neytenda eru túlkaðir og hvaða sérsjónarmið gildi við þær aðstæður.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar er stiklað á stóru um samningarétt. Þar er áhersla einkum lögð á réttarheimildir réttarsviðsins auk almennrar umfjöllunar um samninga. Einnig er gerð grein fyrir þróun réttarsviðsins, en íslenskur samningaréttur hefur orðið fyrir áhrifum bæði norræns réttar og Evrópuréttar. Í þriðja kafla er litið til þess hvers kyns löggerningar teljist lánveitingar til neytenda, en umfjöllunin í ritgerð þessari einkorðast við lög um neytendalán nr. 33/2013 og lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016. Í fjórða kafla er umfjöllun um staðlaða samningsskilmála. Í fimmta kafla er fjallað um túlkun löggerninga, með áherslu á túlkun staðlaðra skilmála við lánveitingar til neytenda. Þar er farið yfir hvað felst í túlkun, meginsjónarmið við túlkun staðlaðra skilmála við neytendalán og mismunandi túlkunarreglur, bæði lögfestar og ólögfestar. Þá er einnig fjallað um samspil túlkunar skilmála og ógildingarreglna við lánveitingar til neytenda. Í lokakafla ritgerðarinnar er samantekt.

¹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 143-144.

² Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 1.

³ *Neytendavernd á fjármálamarkaði*, bls. 53.

⁴ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 165.

⁵ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 63.

2 Almennt um samningarétt

2.1 Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936

Lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 (hér eftir samningalög, skammstöfuð sml.) hafa að geyma reglur á sviði samningaréttar um þau þrjú höfuðatriði réttarsviðsins sem tilgreind eru í heiti laganna.⁶ Fyrirsögn samningalaganna markar gildissvið þeirra, en löggin gilda bæði um samninga og annars konar löggerninga eftir atvikum. Löggin gilda þó ekki um löggerninga á sviði erfða-, sífja- eða persónuréttar, sbr. 40. gr. sml., enda eru ákvæði laganna miðuð við þarfir viðskiptalífsins.⁷ Margar reglur laganna eru frávikjanlegar eða háðar mati dómstóla⁸ og skýrist það meðal annars af því að löggin byggja á meginreglunni um samningsfrelsi einstaklinga, þó það sé ekki tekið fram berum orðum í lögnum.⁹ Þannig eru ákvæði I. kafla laganna frávikjanleg, líkt og leiða má af 1. gr. sml., en þó er í lögnum einnig að finna ófrávikjanleg ákvæði, líkt og almennt á við um ákvæði III. og IV. kafla laganna.¹⁰

Fyrir setningu samningalaganna var lagasetning á sviði fjármunaréttar brotakennd og að vissu leyti handahófskennd. Undir lok 19. aldar hófst víðtæk löggjafarsamvinna meðal Norðurlandþjóðanna um samræmingu á ýmsum réttarsviðum, þar á meðal á tilteknum sviðum fjármunaréttar. Á grundvelli samvinnunnar voru sett lög um samningsgerð á sviði fjármunaréttar í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi á árunum 1915-1929. Lagabálgarnir eru samhljóða í öllum meginráttum og fjalla um fyrrgreind þrjú höfuðatriði samningaréttar, þ.e. samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.¹¹ Löggjafarsamvinnan fólst aðallega í lögfestingu á reglum sem öðlast höfðu gildi á grundvelli venju, dómaframkvæmdar eða voru viðurkenndar af fræðimönnum þess tíma.¹² Þau frumvörp sem urðu að samningalögum á Norðurlöndunum voru því afrakstur samvinnu norrænna fræðimanna og sérfræðinga. Ísland tók ekki þátt í samstarfinu, en frumvarp til íslenskra samningalaga var samið með hliðsjón af þróuninni sem orðið hafði á norrænum vettvangi og fylgt var fordæmi fyrrnefndra Norðurlandþjóða.¹³

Norræna löggjafarsamvinnan þykir hafa staðist vel tímans tönn og lítt hefur verið hreyft við ákvæðum íslensku samningalaganna frá setningu þeirra. Samningalögin standa að grunni nær

⁶ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og megineinkenni íslensks samningaréttar“, bls. 49.

⁷ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 34-35.

⁸ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og megineinkenni íslensks samningaréttar“, bls. 49.

⁹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 32.

¹⁰ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 34-35.

¹¹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 31-32.

¹² Viðar Már Matthíasson: „Nýjungar í norrænum samningarétti“, bls. 55.

¹³ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og megineinkenni íslensks samningaréttar“, bls. 49.

óhöggud en þróun þeirra hefur falist í efnislegri viðbót fremur en breytingum á þeim reglum sem fyrir voru.¹⁴

Íslensku samningalögin stóðu óbreytt fram á níunda áratug síðustu aldar, þegar gerðar voru breytingar á III. kafla laganna um ógilda löggerninga með lögum nr. 11/1986.¹⁵ Með lögnum var meðal annars lögtekin almenn og víðtæk ógildingarheimild í 36. gr. sml. og voru breytingarnar í samræmi við lagabreytingar annarra Norðurlandþjóða.¹⁶ Í almennum athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 11/1986 kemur fram að helsti hvatinn fyrir setningu 36. gr. sml. hafi ekki síst verið sá að treysta betur réttarstöðu neytenda eða þeirra sem telja má að hafi lakari stöðu í samnings sambandinu. Þá var teft fram þeim röksemdum fyrir slíkri almennri ógildingarreglu, að könnun á stöðluðum skilmálum og stöðluðum ábyrgðarákvæðum í samningum sýndi að þau væru oft ósanngjörn í garð kaupanda, þ.e. í tilviki kaupsamninga, en jafnframt þótti ástæða til að sporna gegn ósanngjörnum skilmálum í lánaviðskiptum. Þá er seinast að nefna að ákvæði í íslenskri löggjöf sem sneru að neytendavernd voru talin takmörkuð og þótti því brýnt að lögfesta almenna ógildingarreglu í samningalögnum.¹⁷

Samningur um Evrópska efnahagssvæðið (hér eftir EES-samningurinn) var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 2/1993. Meginmarkmið EES-samningsins var stofnun evrópsks efnahagssvæðis, sem tekur til allra aðildarríkja Evrópusambandsins (hér eftir ESB) auk EFTA ríkjanna Íslands, Noregs og Liechtenstein. Megintilgangur EES-samningsins er að á grundvelli hans verða fyrrgreind EFTA ríki þátttakendur í sameiginlegum markaði ESB og eru ríkin skuldbundin til að fella ákveðnar reglur ESB í landsrétt sinn.¹⁸ Löggjafinn hefur á sviði samningaréttar aðlagð landsrétt að Evrópurétti, en árið 1995 var ákvæðum 36. gr. a-d bætt við íslensku samningalögin með lögum nr. 14/1995.¹⁹ Ákvæði þessi eru stundum nefnd neytendaákvæði samningalaganna.²⁰ Meginmarkmið frumvarps þess er varð að lögum nr. 14/1995 var innleiðing tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum, þ.e. nánar tiltekið að tryggja framkvæmd þeirra ákvæða tilskipunarinnar sem eru einkaréttarlegs eðlis.²¹ Neytendaákvæðin í 36. gr. a-d taka sérstaklega til samninga sem komast á milli atvinnurekanda og neytanda.²² Í almennum athugasemdum með frumvarpinu

¹⁴ Matthías G. Pálsson: „Samningalögin sjötug – Standast þau tímans tönn?“, bls. 84.

¹⁵ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 33.

¹⁶ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 235.

¹⁷ Alþt. 1985-86, A-deild, bls. 2158.

¹⁸ Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 321.

¹⁹ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og meginþekki íslensks samningaréttar“, bls. 49.

²⁰ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 63.

²¹ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 921.

²² Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 64-65.

sem varð að lögum nr. 14/1995, var lagt til að viðbótarákvæðin skyldu gilda um vissa samninga að því er snertir sanngirnismat, réttaráhrif sérstaklega skilgreindrar ósanngirni sem og túlkun. Jafnframt var lagt til að sett yrði regla til að vernda neytandann gegn vissum ákvæðum um erlend lög sem gilda skyldu um viðkomandi samninga.²³

Gildissvið 36. gr. a-d sml. er afmarkað í 1. mgr. 36. gr. a sml. Þar segir í fyrri málslið ákvæðisins: „Ákvæði 36. gr. a-d gilda um samninga, m.a. samningsskilmála, sem ekki hefur verið samið um sérstaklega enda séu samningarnir liður í starfsemi annars aðilans, atvinnurekanda, en í meginatriðum ekki liður í starfsemi hins aðilans, neytanda, sbr. þó 36. gr. d.“ Þá segir í síðari málslið ákvæðisins: „Ákvæðin gilda einnig um samninga milli neytenda sem atvinnurekandi stendur að fyrir annan aðilanna.“ Í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 14/1995 kemur fram að 36. gr. a-d sml. eigi fyrst og fremst við um staðalsamninga eða staðlaða samningsskilmála, ýmist í heild eða einstök ákvæði þeirra. Jafnframt er tekið fram að undir lagagreinarnar falli samningsákvæði sem samin eru með einn samning í huga svo framarlega sem ekki hefur verið samið um það ákvæði sérstaklega. Þá útilokar það ekki beitingu ákvæðanna ef samið hefur verið sérstaklega um einhvern skilmála samnings, en þá gætu ákvæðin átt við um aðra skilmála sama samnings sem ekki hefur verið samið sérstaklega um. Ákvæðin eru ófrávíkjanleg og því ekki unnt að semja um frávik frá þeim neytenda í óhag.²⁴ Í 2. mgr. 36. gr. a sml. kemur jafnframt fram að sönnunarbyrðin fyrir því að samið hafi verið sérstaklega um samning, og að hann falli því ekki undir 1. mgr., hvíli á atvinnurekandanum. Í fræðiskrifum hafa verið færð rök fyrir því að neytendaákvæðunum í 36. gr. a-d sé ekki ætlað að einskorðast við staðlaða samningsskilmála líkt og hugtakið er skilgreint í samningarétti, þar sem orðalag tilskipunarinnar og laganna bendi til þess að andlag þeirra sé víðtækara en svo.²⁵

Við nánari afmörkun á því hvort samningur falli undir gildissvið 36. gr. a-d sml., þ.e. að ekki hafi verið samið um hann sérstaklega, skiptir máli annars vegar hvort skilmáli samnings hafi verið saminn fyrirfram og hins vegar hvort neytandi hafi ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á efni hans. Við mat á því hvort að skilmáli hafi verið saminn fyrirfram hafa ákveðnar viðmiðunarreglur verið settar fram. Samkvæmt þeim telst samningsskilmáli almennt saminn fyrirfram í fyrsta lagi ef skilmáli er útbúinn áður en til samningsgerðar kemur í því skyni að vera hluti af væntanlegum samningi atvinnurekanda, í öðru lagi ef skilmáli er notaður kerfisbundið í samningum atvinnurekanda, í þriðja lagi ef skilmáli er sóttur í lögfræðilegar

²³ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 921.

²⁴ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 924-925.

²⁵ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 66.

formálabækur og í fjórða lagi ef atvinnurekandi í reynd semur skilmála fyrirfram og setur inn í samninginn án athugasemda af hálfu neytanda. Í fimmta og síðasta lagi þá geta samningsskilmálar verið taldir samdir fyrirfram þó þá sé ekki að finna í stöðluðum samningsskilmálum atvinnurekanda. Þegar litið er til þess skilyrðis að neytandi hafi ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á efni samnings þarf jafnframt að fara fram mat. Þar er nægilegt að neytandinn hafi í reynd getað breytt eða krafist breytinga á skilmálanum, til að aðstæður teljist falla utan þessa skilyrðis. Þó er gerð sú krafa að átt hafi sér stað raunveruleg samningsgerð um það atriði sem vafa veldur til að skilmáli falli utan skilyrðisins.²⁶

2.2 Meginreglur samningaréttar

Meginreglur samningaréttar eru ólögfestar og hafa mótast á löngum tíma í dómaframkvæmd og umfjöllun fræðimanna. Tilvist reglnanna má einnig ráða af undantekningum frá þeim sem festar hafa verið í lög. Meginreglur samningaréttar hafa löngum verið flokkaðar í þrennt, þ.e. meginregluna um samningsfrelsi, meginregluna um skuldbindingargildi samninga og meginregluna um formleysi samninga.²⁷

Meginreglan um samningsfrelsi hefur þrjúþætt inntak. Í reglunni felst í fyrsta lagi frelsi til að velja hvort gerður sé samningur, í öðru lagi frelsi til að ákveða við hvern samningur sé gerður og í þriðja lagi frelsi um efni samnings. Þrátt fyrir að reglan sé ólögfest endurspeglast hún víða í löggjöf, líkt og til dæmis í 1. gr. sml.²⁸ Reglunni eru settar nokkrar skorður og gerðar eru frá henni veigamiklar undantekningar, til dæmis vegna lögræðisreglna, lögfestrar skyldu til samningsgerðar og ógildingarreglna samningaréttar.²⁹ Raunar eru undantekningar orðnar svo miklar á sumum sviðum réttarins að því hefur verið haldið fram að reglan sé farin að rýrna. Síaukin notkun staðlaðra samningsskilmála við samningsgerð hefur til að mynda verið nefnd sem ein ástæða meintrar hnignunar samningsfrelsisins.³⁰ Notkun staðlaðra skilmála hefur verið talin takmarka samningsfrelsið þegar atvinnurekendur nota þá í lögskiptum við neytendur, á þann veg að neytandinn hefur einungis frelsi til þess að ákveða hvort hann vilji semja og við hvern, en hefur almennt ekki áhrif á efni og nánari skilyrði samnings.³¹ Undantekningar sem gerðar eru á reglunni um samningsfrelsi eru mikilvægar og varna þær því að samningar komist

²⁶ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 66-69.

²⁷ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og meginreglur íslensks samningaréttar“, bls. 51.

²⁸ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og meginreglur íslensks samningaréttar“, bls. 51.

²⁹ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og meginreglur íslensks samningaréttar“, bls. 52-53; Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 26.

³⁰ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og meginreglur íslensks samningaréttar“, bls. 52-53.

³¹ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 63.

á við óeðlilegar aðstæður eða varði efni sem réttarskipunin getur ekki viðurkennt. Undantekningar er oftast að finna í settum lögum, en geta þó byggt á öðrum grunni.³²

Önnur meginregla samningaréttar er sú að samninga eða aðra löggerninga skuli halda eða efna, þ.e. reglan um skuldbindingargildi samninga. Reglan er grundvöllur trausts í viðskiptalífínu og hefur hún í skrifum fræðimanna verið talin raunverulegur kjarni samningaréttarins, sem allar aðrar reglur byggist á með beinum eða óbeinum hætti. Það stafi meðal annars af því að það sé hugtaksatriði löggernings að honum sé að jafnaði ætlað að hafa réttaráhrif eftir orðanna hljóðan eða samkvæmt réttmætum túlkunarreglum.³³ Frá reglunni eru undantekningar, sem ýmist eru lögbundnar eða atviksbundnar, þ.e. þegar dómstóll kemst að niðurstöðu í tilteknu máli um að samningur sé ekki skuldbindandi. Ógildingarreglur samningaréttar eru dæmi um slíkar undantekningar en einnig ber að nefna að aðilum sammings er í sjálfsvald sett hvort þeir krefjist efnda á löggerningi.³⁴

Í þriðja lagi er í samningarétti meginregla um formleysi samninga. Í sjálfu sér má fella regluna undir meginregluna um sammingsfrelsi, en vegna undantekninga frá henni hefur í fræðiskrifum verið fjallað um hana sem sjálfstæða reglu.³⁵ Löggerningar eru almennt ekki formbundnir að íslenskum rétti. Í því felst að viljayfirlýsing loforðsgjafa er skuldbindandi hvort sem hún er gefin með eða án orða, munnlega eða skriflega. Þrátt fyrir meginregluna geta formkröfur átt sér stoð í lögum, samkomulagi aðilanna sjálfra, eðli máls eða venju.³⁶ Jafnframt getur verið nauðsynlegt að gera skriflegan samning vegna sönnunarkrafna.³⁷

2.3 Almennt um samninga

Í samningarétti er fjallað um þær réttarreglur sem gilda almennt um samninga varðandi fjármunaréttindi.³⁸ Samningar og aðrir löggerningar eru mikilvægir fyrir samskipti og réttarstöðu manna, og eru hreyfiafl alls viðskiptalífs.³⁹ Löggerningar eru hvers kyns viljayfirlýsingar manna, sem ætlað er að stofna rétt, breyta rétti eða fella niður rétt. Helstu tegundir löggerninga sem til umfjöllunar eru í samningarétti eru loforð og samþykki.⁴⁰ Loforð er ein tegund löggerninga og hefur hugtakið verið skilgreint svo að það sé viljayfirlýsing loforðsgjafa, sem felur í sér skuldbindingu af hans hálfu, og er beint til loforðsmóttakanda, eins

³² Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og megineinkenni íslensks samningaréttar“, bls. 53-54.

³³ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 23-24.

³⁴ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og megineinkenni íslensks samningaréttar“, bls. 57-58.

³⁵ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og megineinkenni íslensks samningaréttar“, bls. 51.

³⁶ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 40-41.

³⁷ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og megineinkenni íslensks samningaréttar“, bls. 59.

³⁸ Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason, Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I*, bls. 31.

³⁹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 23.

⁴⁰ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 37.

eða fleiri. Yfirlýsingin þarf jafnframt að vera komin til vitundar loforðsmóttakandans fyrir tilstilli loforðsgjafans.⁴¹ Loforð er yfirleitt liður í samningi, en mörg loforð eru þess eðlis að þau eru ekki skuldbindandi fyrir loforðsgjafa fyrr en gagnaðili hefur samþykkt þau. Slík loforð eru nefnd tilboð og eftir að tilboð hefur verið samþykkt er kominn á samningur milli viðkomandi aðila. Samþykki tilboðs er hvort í senn ákvöð og loforð.⁴² Flestir samningar fela í sér gagnkvæma efnaskyldu og hafa fræðimenn talið að þeir feli í sér mestu hagnýtu þýðinguna. Í gagnkvæmum samningssamböndum skuldbinda báðir eða allir aðilar samnings sig til efnda, t.d. við kaup og skipti.⁴³

3 Neytendalán og fasteignalán til neytenda

Í ritgerð þessari einskorðast athugun á túlkun staðlaðra samningsskilmála við lánveitingar til neytenda við lög um neytendalán nr. 33/2013 (hér einnig nefnd lög um neytendalán eða neytendalánalög, skammstöfuð nll.) og lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 (hér einnig nefnd lög um fasteignalán til neytenda, skammstöfuð fl.). Hér á landi voru lög um neytendalán fyrst sett árið 1993, sbr. lög um neytendalán nr. 30/1993, en við gerð frumvarpsins er varð að lögunum voru tilskipanir ráðs Evrópubandalaganna nr. 87/102 EBE og nr. 90/88 EBE hafðar til hliðsjónar.⁴⁴ Lögin voru endurskoðuð og endurútgefin samkvæmt lögum nr. 101/1994 sem lög um neytendalán nr. 121/1994.⁴⁵ Núgildandi neytendalánalög nr. 33/2013 voru sett með þeim tilgangi að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánessamninga fyrir neytendur, sbr. 35. gr. laganna, í íslenskan rétt með aðlögunaraðferðinni. Tilgangur með setningu tilskipunarinnar var að endurskoða reglur um neytendalán til að auka neytendavernd og tryggja samræmt lagaumhverfi við veitingu neytendalána.⁴⁶ Helstu breytingar frá eldri neytendalánalögum eru taldar upp í athugasemdum með frumvarpi því er varð að núgildandi neytendalánalögum, en þar má nefna að gildissvið laganna var víkkað, þannig að það næði utan um fleiri lánessamninga, upplýsinga- og rannsóknarskylda lánveitenda var aukin og meiri kröfur voru gerðar til efnis lánessamninganna.⁴⁷ Lög nr. 179/2000, færðu veitingu fasteignalána til neytenda undir gildissvið þágildandi laga um neytendalán, nr. 121/1994. Frá þeim tíma og fram að setningu laga um fasteignalán til neytenda árið 2016 höfðu því lög um neytendalán gilt um allar lánveitingar til

⁴¹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 65.

⁴² Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 84-85.

⁴³ Henry Ussing: *Aftaler*, bls. 9.

⁴⁴ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 531.

⁴⁵ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 165.

⁴⁶ Þskj. 228, 141. lögþ. 2012-13, bls. 21 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁴⁷ Þskj. 228, 141. lögþ. 2012-13, bls. 25-26 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

neytenda í atvinnuskyni, þar með talið fasteignalán. Með nógildandi lögum um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 voru fasteignalán undanskilin lögum um neytendalán.⁴⁸ Tilgangur nógildandi laga um fasteignalán til neytenda kemur fram í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögunum, og var hann fyrst og fremst upptaka á efnisreglum tilskipunar 2014/17/ESB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði, í íslenskan rétt.⁴⁹ Markmið laga um fasteignalán til neytenda er afmarkað í 1. gr. fl., en þar segir: „Markmið laga þessara er að tryggja neytendavernd við kynningu, ráðgjöf, veitingu og miðlun fasteignalána til neytenda. Markmið laganna er jafnframt að stuðla að ábyrgum lánveitingum og sporna við óhóflegri skuldsetningu neytenda.“ Hér verður hugtakið *neytendalán*, þ.e. neytendasamningur um lánveitingu, notað yfir lán, bæði samkvæmt lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda.

Áður en skoðuð er túlkun staðlaðra samningsskilmála við neytendalán, er nauðsynlegt að afmarka hvort samningur, sem er andlag túlkunar, falli í raun undir gildissvið laganna. Gildissvið laga um neytendalán er afmarkað í 1. gr. nll., en þar segir: „Lög þessi [nll.] taka til lánsamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur.“ Hér verða hugtaksatriði gildissviðsins skoðuð nánar. *Lánsamningur* er samkvæmt 1-lið 1. mgr. 5. gr. nll. „samningur, þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita lán, greiðslufrest eða sambærilega fjárhagslega fyrirgreiðslu og neytandi lofar að greiða samkvæmt ákvæðum samnings.“ Þá kemur þar einnig fram að undanskildir séu „samningar um veitingu endurtekinnar þjónustu eða afhendingu sams konar vöru þar sem neytandi greiðir afborganir af slíkri þjónustu eða vöru svo lengi sem hún er látin í té.“ Þá ber að hafa í huga þá samninga sem undanþegnir eru lögum um neytendalán, sem tilgreindir eru í 1. mgr. 3. gr. nll. Samkvæmt m-lið 1. mgr. 5. gr. nll. er *lánveitandi* „einstaklingur, lögaðili eða hópur sem veitir eða lofar að veita lán í atvinnuskyni“, sbr. m-lið 1. mgr. 5. gr. nll. Þá er *neytandi* samkvæmt n-lið 1. mgr. 5. gr. nll. „einstaklingur sem á lánaviðskipti sem lög þessi [nll.] ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.“ Gildissvið laga um fasteignalán til neytenda er afmarkað í 2. gr. fl., þar sem segir: „Lög þessi [fl.] taka til samninga um fasteignalán sem lánveitandi eða lánamiðlari kynnir eða gerir í atvinnuskyni við neytendur. Lög þessi [fl.] taka einnig til lánaráðgjafar vegna samninga um fasteignalán og skuldskeytingar slíkra samninga, sbr. þó 63. gr.“ Hér verða hugtaksatriði gildissviðsins jafnframt skoðuð nánar, en ekki verður fjallað um síðari hluta skilgreiningarinnar um lánaráðgjöf. Fyrst ber að afmarka hugtakið *lán*, sem samkvæmt 10. tölul. 1. mgr. 4. gr. fl. er „samningur, þar sem lánveitandi veitir eða lofar að veita neytanda lán, greiðslufrest eða

⁴⁸ Þskj. 519, 145. lögþ. 2015-16, bls. 27 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

⁴⁹ Þskj. 519, 145. lögþ. 2015-16, bls. 26 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

sambærilega fjárhagslega fyrirgreiðslu.“ Í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. fl. er afmarkað hugtakið *fasteignalán*, sem er annars vegar lán sem tryggt er með veði eða annars konar tryggingu í íbúðarhúsnæði eða sem tryggt er með réttindum sem tengjast íbúðarhúsnæði, og hins vegar lán sem er veitt í þeim tilgangi að kaupa eða viðhalda eignarrétti á fasteign. Þá ber að hafa í huga þá samninga um fasteignalán sem eru undanþegnir lögum um fasteignalán til neytenda, sbr. 1. mgr. 3. gr. fl. *Lánveitandi* er samkvæmt 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. fl. „lögaðili sem veitir eða lofar að veita fasteignalán í atvinnuskyni.“ *Lánamiðlari* er aftur á móti skv. 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. fl, einstaklingur eða lögaðili sem starfar ekki sem lánveitandi en stundar lánamiðlun í atvinnuskyni gegn fjárhagslegum ávinningi. Að lokum er *neytandi* skilgreindur í 17. tölul. 1. mgr. 4. gr. fl. sem „einstaklingur sem á lánaviðskipti sem lög þessi [fl.] ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.“ Skilgreiningin er samhljóða neytandaskilgreiningu laga um neytendalán.

Samandregið taka neytendalánalögin til lánsamninga sem lánveitandi gerir í atvinnuskyni við neytendur, og lög um fasteignalán til neytenda taka til samninga um fasteignalán sem lánveitandi eða lánamiðlari kynnir eða gerir í atvinnuskyni við neytendur. Af gildissviði beggja laganna má ráða að lögin nái ekki yfir lán á milli tveggja eða fleiri fyrirtækja, tveggja eða fleiri einstaklinga í atvinnurekstri eða tveggja eða fleiri neytenda. Samkvæmt báðum lögnum telst lánveiting vera í atvinnuskyni hvort sem um ræðir aðal- eða aukastarfsemi.⁵⁰ Úr réttarframkvæmd má nefna að óljóst var í gildistíð eldri neytendalánalaga hvort að Íbúðalánasjóður teldist lánveitandi í skilningi laganna og hvort lán sjóðsins féllu undir skilgreiningu laganna um lánsamning. Fjallað var um þetta í *Hrd. 26. nóvember 2015 (243/2015)* þar sem niðurstaðan var að Íbúðalánasjóði hafi borið að fara eftir ákvæðum laga nr. 121/1994 við lánveitinguna. Tekið var fram í héraðsdómi að ekki væru efni til þess að túlka fyrirmæli 1. gr. eldri neytendalánalaga á svo þröngan hátt að starfsemi Íbúðalánasjóðs teldist ekki vera í atvinnuskyni, þrátt fyrir að starfsemin væri ekki í hagnaðarskyni. Í nýrri lögum um neytendalán er tekinn af allur vafi um þetta atriði, en þrátt fyrir að 1. gr. bæði eldri og nógildandi laga sé samhljóða er kveðið svo á í athugasemdum við 1. gr. í frumvarpi til nógildandi neytendalánalaga:

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. gr. laga nr. 121/1994, um neytendalán. Allar lánveitingar í atvinnuskyni falla undir frumvarpið, óháð því hvort um kjarna- eða hliðarstarfsemi er að ræða. Lánveitingar fjármálafyrirtækja, Íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóða og annarra til neytenda falla því undir frumvarpið. Lánveiting í atvinnuskyni er skilgreint mjög vítt í tilskipuninni og undir hana falla allar lánveitingar innan ramma viðskipta, atvinnustarfsemi eða sérgreinar (e. trade, business or profession) lánveitanda.

⁵⁰ Þskj. 228, 141. lögþ. 2012-13, bls. 21 (enn óbirt í A-deild Alþt.); Þskj. 519, 145. lögþ. 2015-16, bls. 27 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

Í Evrópurétti er viðurkennt að aðila samningssambands sem stendur höllum fæti í lánaviðskiptum, þ.e. neytanda, skuli vernda með lagasetningu. Reglusetning um lánviðskipti er því til hagsbóta fyrir neytandann, en þær reglur geta vikið frá almennum meginreglum sem gilda á sviði samninga- og kröfuréttar, meðal annars um samningsfrelsi.⁵¹ Þessi afstaða er í samræmi við framangreindan tilgang og markmið laga um neytendalán og fasteignalán til neytenda. Lög um neytendalán og lög um fasteignalán til neytenda hafa bæði að geyma ýmsar meginreglur sem snúa að því að veita neytendum ákveðna vernd, en um þær og tengsl þeirra við túlkun er nánar fjallað í kafla 5.2.1. Hér er lögð áhersla á túlkun lánsamninga samkvæmt framangreindum lögum, og skilmála þeirra, upp að því marki sem þeir eru staðlaðir og samdir einhliða af lánveitanda.

4 Staðlaðir samningsskilmálar

4.1 Almenn

Með hugtakinu *staðlaður samningur* er átt við samning, sem gerður er til samræmis við áður gerða skilmála, að öllu leyti eða að hluta, sem ætlað er að nota á sama hátt við gerð fleiri samninga um sams konar efni. Staðlaður samningur felur oftast í sér hvort tveggja í senn, *staðlaða samningsskilmála* og *einstaklingsbundin ákvæði*.⁵² Aðgreiningin á milli staðlaðra samninga og samninga sem samdir eru fyrir hvert einstakt tilvik er óskýrari nú til dags en áður fyrir, meðal annars vegna þessarar blöndu samninga af ákvæðum sem eru stöðluð og ákvæðum sem eru það ekki.⁵³

Stöðluð samningsform hafa í för með sér ýmsa kosti. Má þar helst nefna tímasparnað, réttaröryggi, og nýtingu lögfræðilegrar og tæknilegrar aðstoðar við samningsgerð. Að auki er staða allra viðskiptavina þess aðila sem samningsformið notar jafnari.⁵⁴ Víðtæk stöðlun á samningum getur oft reynst nauðsynleg út frá hagkvæmnissjónarmiðum og í þeim tilgangi að takmarka réttaróvissu.⁵⁵ Þó eru ókostir við notkun staðlaðra samningsforma, en færð hafa verið rök fyrir því að mörg þeirra séu illa samin, hætt sé við að þau eigi ekki vel við sérþarfir einstakra viðskiptavina og að þau kunni að draga úr tilfinningu aðila fyrir samningsfrelsinu. Þá varðar sá ókostur miklu að hætta er á ójafnræði á milli aðila í samningssambandinu, en þetta einkenni kemur sérstaklega til skoðunar við túlkun staðlaðra skilmála. Sá sem hefur einhliða samið

⁵¹ *Neytendavernd á fjármálamarkaði*, bls. 53.

⁵² Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 142.

⁵³ Bert Lehrberg: *Avtalstolkning*, bls. 92.

⁵⁴ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 152.

⁵⁵ Ulf Bernitz: *Standardavtalsrätt*, bls. 23-24.

samningsskilmála til notkunar í viðskiptum hefur að jafnaði sterkari stöðu bæði fjárhagslega og viðskiptalega. Hætta er á að sá aðili misnoti aðstöðu sína í þeim tilgangi að ná óeðlilegum kjörum fyrir sig gagnvart viðsemjanda sínum.⁵⁶ Þetta kemur hvað skýrast fram í ábyrgðartakmörkunum í ákvæðum samninga, þar sem annar aðili sem einhliða semur samning hafnar eða takmarkar ábyrgð sér í hag, sem ella hefði fallið á hann samkvæmt frávikjanlegum lagareglum.⁵⁷ Þá er einnig ljóst að viðsemjandi sem ekki kemur að gerð slíkra skilmála les í reynd sjaldan slíka skilmála spjaldanna á milli og auðvelt er að fela í þeim ósanngjörn ákvæði.⁵⁸ Hér eru skoðuð sérstök sjónarmið við túlkun slíkra staðlaðra skilmála við lánveitingar til neytenda, en ekki ógilding ósanngjarnra ákvæða eða ógilding af öðrum ástæðum. Þó geta þessar athafnir spilað saman, líkt og fjallað er um í kafla 5.3.

Við setningu samningalaga Norðurlandabjódanna var það lagt til grundvallar að samningar væru í heild sinni samdir fyrir hvert einstakt tilfelli, en nú á dögum eru staðlaðir samningar ráðandi í flestum atvinnugreinum. Þessi þróun hefur ekki síst orðið fyrir tilstilli veraldarvefsins og hraðrar þróunar rafrænna viðskipta.⁵⁹ Í seinni tíð hefur áhersla verið lögð á setningu lagaákvæða, sem hafa það að markmiði að leysa úr þeim vandkvæðum sem fylgja notkun staðlaðra samninga. Jafnframt hefur verið lagt upp úr setningu ákvæða sem eiga að auka rétt neytenda vegna ósanngjarnra skilmála í stöðluðum samningum.⁶⁰

Skipta má stöðluðum samningsskilmálum í flokka eftir tilurð þeirra, en flokkunin er þó ekki einhlít. Fyrst er að nefna einhliða skilmála, þar sem annar samningsaðili notar skilmála sem hann hefur sjálfur samið eða látið semja, án samráðs við væntanlega viðsemjendur. Mikill meirihluti samningsskilmála héraendis eru einhliða. Það einkennir einhliða skilmála að höfundur þeirra hefur oft sterkari stöðu og undanþiggur sig ábyrgð í ríkari mæli en leiðir af almennum reglum. Í öðru lagi ræðir um tvíhliða skilmála þar sem staðlaðir skilmálar eru samdir af báðum samningsaðilum eða fulltrúum viðsemjendahópa eða samtaka. Í þessum tilvikum er samningsstaða aðilanna jafnari. Að lokum er að nefna opinbera skilmála, sem stjórnvöld semja og ætlaðir eru til notkunar í viðskiptum milli aðila á nánar tilteknu sviði.⁶¹

⁵⁶ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 152-153.

⁵⁷ Ulf Bernitz: *Standardavtalsrätt*, bls. 24-25.

⁵⁸ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 152-153.

⁵⁹ Ulf Bernitz: *Standardavtalsrätt*, bls. 16.

⁶⁰ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 143.

⁶¹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 144-145.

4.2 Staðlaðir skilmálar við lánveitingar til neytenda

Notkun staðlaðra skilmála hefur tíðkast við töku neytendalána bæði hér á landi sem og annars staðar. Í mörgum tilfellum er efni skilmála um vaxtakjör, lántökukostnað, uppgreiðslugjald og annan kostnað staðlað og óumsemjanlegt við neytendalán. Um staðlaða skilmála við neytendalán gilda sömu meginsjónarmið og almennt um staðlaða skilmála. Þá má jafnframt segja að á neytendalánamarkaði sé samningsfrelsi takmarkað, þ.e. menn hafa frelsi um hvort samningur er gerður en hafa almennt engin eða takmörkuð áhrif á efni hans.⁶² Jafnframt tíðkast að slíkir samningsskilmálar séu einhliða samdir af lánveitanda, enda eru samningsskilmálar oftast einhliða ákveðnir af atvinnurekendum almennt.⁶³

4.3 Hvernig staðlaðir skilmálar verða hluti af samningi

Til þess að unnt sé að framfylgja ákvæðum staðlaðra samningsskilmála er nauðsynlegt að þeir séu hluti af einstökum samningi á milli tveggja eða fleiri aðila. Þetta á bæði við þegar aðilar samnings eru báðir í atvinnurekstri og þegar annar aðila er neytandi. Meginreglan er sú að skilmálarnir verða að koma til vitundar mótaðila samnings áður en samningur er gerður til að þeir verði hluti samnings. Þessi regla er þó ekki án undantekninga.⁶⁴ Grundvallaratriði er að hinir stöðluðu skilmálar hafa ekki gildi í lögskiptum aðila nema þeir séu á einn eða annan hátt hluti af þeim samningi sem um ræðir, eða teljist binda aðilana með sambærilegum hætti.⁶⁵

Staðlaðir skilmálar geta orðið hluti af samningi við undirritun beggja aðila eða með tilvísun til þeirra í samningi. Ljóst er að í þeim tilvikum gengst samningsaðili undir skilmálana og verður bundinn af þeim, í samræmi við meginregluna um skuldbindingargildi samninga.⁶⁶ Þegar skilmálar eru felldir inn í samning með þessum hætti er því lykilatriði að skynsamlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að gera mótaðilanum kleift að kynna sér staðlaða skilmála áður en samningur er gerður, en ekki er gerð krafa um að mótaðili hafi í raun kynnt sér þá eða þekki efni þeirra.⁶⁷ Úr dómaframkvæmd á sviði lánveitinga má nefna *Hrd. 21. nóvember 2013 (391/2013)*, en þar segir:

Verður áfrýjandi að bera hallann af því að lánveitandi, sem var fjármálastofnun, tryggði sér ekki sönnur fyrir því að stefnda hafi fengið í hendur og samþykkt þá skilmála sem í staðfestingunni fólust. Stefnda er því einungis bundin af þeim skilmálum lánsins sem komu fram í beiðni hennar og verður því litið framhjá texta staðfestingar lánveitandans 20. júlí 2007 við úrlausn málsins.

⁶² *Neytendavernd á fjármálamarkaði*, bls. 53.

⁶³ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 63.

⁶⁴ Ulf Bernitz: *Standardavtalsrätt*, bls. 56.

⁶⁵ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 153.

⁶⁶ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 153-154.

⁶⁷ Ulf Bernitz: *Standardavtalsrätt*, bls. 66.

Að lokum er að nefna að í ákveðnum tilvikum geta skilmálar orðið hluti af samningi án þess að til þeirra hafi sérstaklega verið vitnað við samningsgerðina. Viðskiptavenja eða lögbundin notkun geta í þeim skilningi leitt til þess að staðlaðir samningsskilmálar verði hluti af samningi á milli aðila. Einnig má nefna þau tilvik þar sem viðskipta- eða þjónustustarfsemi verður ekki haldið uppi nema notast sé við staðlaða skilmála, en þá er það ekki skilyrði að viðsemjandi hafi kynnt sér eða þekki efni skilmálana.⁶⁸ Telja verður að ólíklegt sé að samningsskilmálar í tilviki neytendalána geti komist á með framangreindum hætti, en sú ályktun er til að mynda dregin vegna þeirrar margþættu upplýsingaskyldu sem á lánveitanda liggur fyrir og við samningsgerð, sem og annarra meginreglna sem neytendalánalög og lög um fasteingalán til neytenda leggja til grundvallar. Hér má meðal annars benda á 1. mgr. 7. gr. nll. og 1. mgr. 13. gr. fl., þar sem í báðum ákvæðum er lögð áhersla á að neytandi geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort hann geri lánsamning, áður en hann verður bundinn af honum.

Í vissum tilvikum getur verið óljóst hvort samningsákvæði sé staðlað, þ.e. hvort það hafi verið háð einstökum samningaviðræðum eða ekki. Sú meginregla gildir um staðlaða skilmála í neytendasamningum að atvinnurekandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að ákvæði sé ekki staðlað heldur umsamið sérstaklega á milli samningsaðila. Í raun er talið að þessi regla sé almenn og gildi einnig þrátt fyrir að ekki sé um neytendasamninga að ræða.⁶⁹

5 Túlkun staðlaðra skilmála við lánveitingar til neytenda

5.1 Hvað felst í túlkun löggerninga?

5.1.1 Almenn

Þegar danski fræðimaðurinn Henry Ussing skrifaði um túlkun lagalegra athafna, í þeim tilvikum þegar ekki er um sameiginlegan skilning manna á efni löggernings að ræða, fullyrta hann að það væri kúnt sem einungis yrði lærd að fullu í framkvæmd. Sú staðreynd nær ekki ýkja langt til að svara þeirri spurningu hvað felst í túlkun löggerninga. Þrátt fyrir þessa fullyrðingu Ussing hefur hann sem og fleiri fræðimenn lagt fram ákveðin viðmið sem leggja má til grundvallar við túlkun löggerninga, sem hafa þróast með nútímalegri aðstæðum og nýjum álitæfnum.⁷⁰

Í löggerningi felst yfirlýsing sem ætlað er að stofna rétt, breyta rétti eða fella niður rétt. Túlkun löggernings felst í því að leiða í ljós þann vilja eða tilætlun sem að baki yfirlýsingarinnar

⁶⁸ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 153-155.

⁶⁹ Ulf Bernitz: *Standardavtalsrätt*, bls. 18.

⁷⁰ Jan Hellner: „Tolkning av standardavtal“, bls 266; Henry Ussing: *Aftaler*, bls. 424.

liggur, að því leyti sem samrýmst getur eðlilegum hugmyndum eða trausti, sem yfirlýsingin vekur eða getur vakið í huga móttakanda hennar. Vilji yfirlýsingargjafa kemur fyrst og fremst fram í orðum löggernings og því nauðsynlegt að réttur skilningur sé á orðalagi hans. Jafnframt getur þó reynt á margvíslegt ytra hátterni löggerningsgjafa, ýmist aðgerðir hans eða aðgerðaleysi, sem kemur í orða stað eða varpar ljósi á efni löggernings.⁷¹ Þá getur reynt nauðsynlegt að skoða fyrri samningaviðræður og allar aðrar staðreyndir sem liggja til grundvallar viljayfirlýsingunni.⁷² Réttaráhrif löggernings koma ekki til framkvæmda fyrr en ákvarðað hefur verið hið raunverulega efni hans hverju sinni með því að túlka hann,⁷³ en markmið túlkunar er að staðreyna hverju var lofað þegar samningur var gerður en ekki eftir samningsgerð, til dæmis þegar kemur að því að efna samninginn.⁷⁴

Samningar manna á milli eru jafn ólíkir og þeir eru margir, en sumir þeirra eru skýrir og gefa ekki tilefni til ágreinings á meðan deilt er um efni annarra samninga.⁷⁵ Segja má að allir löggerningar, og þar með samningar, krefjist túlkunar í einhverri mynd. Orð og athafnir yfirlýsingargjafa, sem máli skipta við samningsgerð, geta vakið hugmyndir hjá þeim sem löggerningi er beint að, og ekki er víst að þær hugmyndir samræmist tilætlun yfirlýsingargjafa. Þá sjá aðilar að samningsgerð sjaldnast fyrir öll álitafni sem upp kunna að koma við efndir eða framkvæmd samnings, og reynir þá einna helst á túlkun samningsins.⁷⁶ Útgangspunktur við túlkun er samningsfrelsi aðilanna. Gengið er út frá því að aðilar samnings ákveði sjálfir, innan vissra marka, hvað samningur skuli innihalda.⁷⁷ Það má því segja að túlkun snúist ekki um einfaldar og fastskorðaðar reglur heldur meginreglur sem eru blæbrigðaríkar og aðlagast mismunandi gerðum af samningum.⁷⁸ Ljóst er að almennar réttarreglur um túlkun samninga skortir í rétti Norðurlandanna, þó finna megi einstaka lagagreinar sem mæla fyrir um túlkun orða eða orðasambanda í löggerningum. Þá kann venja að hafa myndast um sanngjarna úrlausn, en sé hún ekki til staðar koma aðrar túlkunaraðferðir til athugunar.⁷⁹

Um túlkun samninga hafa tvær meginkenningar verið lagðar til grundvallar; viljakenning og traustkenning. Viljakenningin er huglæg túlkunaraðferð þar sem megináhersla er lögð á að leiða í ljós vilja eða tilgang löggerningsgjafa þegar hann gaf yfirlýsinguna. Því er samkvæmt kenningunni almennt ekki tekið tillit til skilnings sem löggerningsmóttakandi hafði eða mátti

⁷¹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 46-47.

⁷² Henry Ussing: *Aftaler*, bls. 425.

⁷³ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 46.

⁷⁴ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 2.

⁷⁵ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 1.

⁷⁶ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 47.

⁷⁷ Bert Lehrberg: *Avtalstolkning*, bls. 37.

⁷⁸ Ulf Bernitz: *Standardavtalsrätt*, bls. 88-89.

⁷⁹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 47-48.

hafa á efni löggernings.⁸⁰ Út frá gagnrýni á viljakeninguna, um að sanngjarnt traust löggerningsmóttakanda ætti fremur að ráða úrslitum, myndaðist traustskeningin. Traustkenningin er hlutlæg túlkunaraðferð þar sem áhersla er lögð á að leiða í ljós þær hugmyndir eða traust sem með sanngirni má ætla að löggerningur hafi vakið hjá löggerningsmóttakanda. Samkvæmt kenningunni er talið að skýring samkvæmt orðanna hljóðan sé nauðsynleg þegar ákveðnir samningar eiga í hlut. Af úrlausnum dómstóla nú á dögum hafa fræðimenn dregið þá ályktun að tekið sé mið af báðum kenningum, en beiting túlkunar er jafnframt að miklu leyti á valdi túlkanda. Þó hefur verið lagt til grundvallar að traustkenningin gildi almennt um fjármunaréttargerninga vegna þarfa viðskiptalífsins, og nauðsyn samræmis og festu. Viljakeningin aftur á móti gildir fremur um örlætisgerninga.⁸¹ Samkvæmt framansögðu verður að telja að traustkenningin hafi meira vægi við túlkun staðlaðra samningskilmála við lánveitingar til neytenda.

Litið er svo á í norrænni réttarframkvæmd að í túlkun samninga felist tveir þættir, þ.e. skýring annars vegar og fylling hins vegar.⁸² Þó getur verið vandkvæðum bundið að greina á milli þessara tveggja þátta, auk þess sem tvígreiningin hefur ekki alltaf raunhæfa þýðingu.⁸³ Verður hér gerð grein fyrir þessum þáttum.

5.1.2 Skýring

Skýring löggernings snýst um að draga ályktun um merkingu viljayfirlýsingar af orðalagi hennar eða öðru hátterni sem yfirlýsingargjafi tjáði sig með við stofnun viðkomandi löggernings.⁸⁴ Með skýringu er því ákveðin efnisleg merking loforðs og þar með efni samnings slegið föstu, en skýringu er einungis ætlað að ákvarða efni sannaðra staðreynda. Túlkun samninga og túlkun réttarreglna byggjast á svipuðum sjónarmiðum, enda er í báðum tilvikum leitast við að skýra orðalag ákvæðis með hliðsjón af viðeigandi sjónarmiðum. Þannig eru sum samningsákvæði túlkuð þröngt á meðan önnur eru túlkuð rúmt.⁸⁵ Þrátt fyrir ýmsar meginreglur um skýringu samninga er skýringin atviksbundin, og túlkandi hefur fremur frjálsar hendur um skýringaraðferðir.⁸⁶

⁸⁰ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 1.

⁸¹ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 1-2.

⁸² Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 2.

⁸³ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 52.

⁸⁴ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 52.

⁸⁵ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 2.

⁸⁶ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 52.

Við skýringu er meðal annars setningargerð greind, merking orða skoðuð og prófuð ásamt öðrum tilfallandi aðferðum,⁸⁷ en ekki eru eingöngu notaðar lögfræðilegar aðferðir heldur getur reynt á orðskýringar sem snúa að málvísindum, læknisfræði og fleira.⁸⁸ Almennt skal leggja til grundvallar venjulegt málfar eða málnotkun, þó að rétt geti verið að taka tillit til fagmáls og þá einkum þegar báðum aðilum er kunnugt um raunverulega merkingu þeirra. Auk skýringar á orðum getur við skýringu samnings verið litið til tilgangs samningsaðila, þar sem oft þarf að kanna ýmis atriði er varða undirbúning eða forsögu samningsgerðarinnar. Hegðun aðila eftir samningsgerð getur einnig gefið vísbendingar um efni samnings.⁸⁹ Dómaframkvæmd sýnir að orðskýringu er fyrst og fremst beitt, og ekki er litið til annarra atriða nema í þeim tilvikum þegar textaskýring tekur ekki af tvímæli um efni skuldbindingarinnar. Því til stuðnings má nefna *Hrd. 15. júní 2017 (861/2016)*, en í héraðsdómi sem staðfestur var fyrir Hæstarétti sagði:

Við mat á því hvort lán sé í erlendri mynt eða íslenskum krónum, bundið gengi erlendra gjaldmiðla, hefur í dómaframkvæmd verið lagt til grundvallar að miða beri við skýringu á texta þess skuldaskjals sem lántaki hefur samþykkt. *Einungis við þær aðstæður þegar sú textaskýring tekur ekki af tvímæli um hvers efnis skuldbindingin er að þessu leyti hefur verið talið rétt að líta til annarra atriða*, svo sem til þess hvernig meginskyldur aðila voru efndar og hvernig staðið var að framkvæmd samnings að öðru leyti, þ. á m. við síðari skilmálabreytingar. [Leturbreyting höfundar].

5.1.3 Fylling

Fylling byggist ólíkt skýringu að mestum hluta á lögfræðilegum aðferðum,⁹⁰ en fylling er túlkunaraðferð sem felst í að ákveða réttaráhrif samnings á grundvelli réttarreglna eða réttarheimilda, skráðra eða óskráðra. Til fyllingar kemur þegar ekki fæst niðurstaða um skyldur samningsaðila, þótt leiddar hafi verið sönnur á efni samnings og efni hans í sjálfu sér skýrt, til dæmis þegar samningur tekur ekki á tilteknum aðstæðum.⁹¹ Við fyllingu reynir sem fyrr segir á beitingu réttarheimilda og getur þá reynt á lagaákvæði, venju, fordæmi, lögjöfnun, eðli máls eða meginreglur laga.⁹² Frávíkjanlegar lagareglur gegna meðal annars því hlutverki að vera til fyllingar samningum og er þá gripið til þeirra þegar ekki er samið um ákveðið efni. Ófrávíkjanlegar lagareglur geta einnig gegnt slíku hlutverki. Þegar slíkar frávíkjanlegar eða ófrávíkjanlegar reglur, eða aðrar réttarheimildir, eru ekki til staðar getur dómstóll dæmt úr frá aðstæðum í einstöku máli.⁹³

⁸⁷ Bert Lehrberg: *Avtalstolkning*, bls. 127.

⁸⁸ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 2.

⁸⁹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 53-54.

⁹⁰ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 54.

⁹¹ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 2-3.

⁹² Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 55.

⁹³ Bert Lehrberg: *Avtalstolkning*, bls. 22-23.

Hæstiréttur hefur beitt fyllingu við túlkun og má þar meðal annars nefna *Hrd. 16. september 2010 (471/2010)*. Þar fyllti Hæstiréttur lagalegt tómarúm eftir að *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)* og *(153/2010)* féllu, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu með skýringu að samningar sem deilt var um væru lánsamningar, um lánsfé í íslenskum krónum, og ákvæði samninganna um gengistryggingu því í andstæðu við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 (hér einnig nefnd vaxtalög). Hin gengistryggðu lán höfðu miðast við svokallaða LIBOR vexti auk álags, sem voru hagstæðari vextir heldur en af óverðtryggðum lánnum í íslenskum krónum. Höfuðstóll lánanna var því hvorki gengis- né verðtryggður eftir að fyrri dómarnir féllu og vaxtaákvæði samninganna tiltóku ekki vaxtafót. Í síðara málinu tók Hæstiréttur fram að slík bein og órjúfanleg tengsl væru á milli gengistryggingar og fyrirmæla í samningi um vexti að líta yrði fram hjá ákvæðum samnings um vaxtahæð. Hæstiréttur tók þá afstöðu til þess hvaða lagaregla tæki til stöðunnar sem upp var komin með fyllingu. Niðurstaðan var sú að um vextina skyldi fara skv. 4. gr. vaxtalaga og skyldu þeir því vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánstofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna. Hæstiréttur ákvarðaði því réttaráhrif samningsins á grundvelli fyllingarreglu 4. gr. vaxtalaga.

5.2 Túlkun staðlaðra samningsskilmála við lánveitingar til neytenda

5.2.1 Meginsjónarmið

Til viðbótar við almenn viðhorf og reglur við túlkun löggerninga gilda ákveðin sérsjónarmið við túlkun staðlaðra samningsskilmála. Meginmarkmið við túlkun samninga er að leiða í ljós sameiginlegan vilja samningsaðila. Það einkennir einhliða staðlaða skilmála að oft hefur annar aðilinn takmarkaðri þekkingu á efni þess samnings sem hann hefur gengist undir. Einnig geta einstaka aðilar haft rangar eða óskýrar hugmyndir um efni eða möguleg réttaráhrif tvíhliða skilmála sem samdir hafa verið af hagsmunasamtökum. Því er ljóst að sjónarmið um sameiginlegan vilja samningsaðila eiga ekki fyllilega við þær aðstæður.⁹⁴ Staðlaðir skilmálar hafa oft misst það einkenni að vera niðurstaða viðræðna á milli tveggja jafnra aðila, þar sem þeir eru sjálfvirkir að vissu leyti. Þá geta þeir í vissum tilvikum minnt á samningsgerð á milli úlfs og lambs, þar sem hætta er á misnotkun annars aðilans.⁹⁵ Misnotkun getur þá falist í því að sá aðili sem hefur sterkari stöðu við samningsgerð nýti sér stöðu sína til að knýja fram samningsskilmála sem eru honum til hagsbóta.⁹⁶ Af eðli máls leiðir að staðlaðir skilmálar við

⁹⁴ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 160.

⁹⁵ Carl Jacob Arnholm: *Lærebok í avtaleret*, bls. 9.

⁹⁶ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 63.

lánveitingar til neytenda eru tegund staðlaðra skilmála, þ.e. staðlaðir samningsskilmálar lánsamnings, og því eiga framangreind sjónarmið jafnframt við þegar um ræðir neytendalán. Raunar er misræmi á stöðu aðila við samningsgerð sérstaklega fyrir hendi þegar um er ræðir samninga á milli neytenda og atvinnurekenda, þar sem möguleikar neytenda til þess að hafa áhrif á efni viðkomandi samninga eru takmörkunum háðir. Þá eru samningsskilmálar oftast einhliða ákveðnir af atvinnurekendum.⁹⁷ Þessi sjónarmið um aðstöðumun aðila koma meðal annars fram í *Hrd. 5. mars 2015 (625/2014)*, en þar var fjallað um neytendalán frá gildistíð eldri laga um neytendalán nr. 121/1994. Í dómi héraðsdóms sem staðfestur var í Hæstarétti kom eftirfarandi fram:

Að mati dómsins er ljóst að aðstöðumunur var með aðilum þar sem stefndi er fjármálaafyrirtæki sem starfar á lánamarkaði og hafði þar boðið viðskiptavinum upp á lán með ólögumatri gengistryggingu en ekkert er fram komið í málinu um að stefnandi, sem taldist neytandi í skilningi laga nr. 121/1994 um neytendalán, hafi búið yfir sérstakri þekkingu á gjaldeyrisviðskiptum. Stóð það því stefnda almennt nær að gæta að því að lánsamningurinn væri í samræmi við lög og bera áhættuna af því ef svo væri ekki. [Leturbreyting höfundar].

Sjónarmið við túlkun staðlaðra skilmála geta verið ýmis konar, en túlkunarsjónarmið hafa einkum mótast í réttarframkvæmd.⁹⁸ Við túlkun staðlaðra skilmála ræður miklu að hið staðlaða form er almennt viðurkennt vegna þess hagræðis sem í því felst, en jafnframt að því fylgi ókostir sem æskilegt er að draga úr.⁹⁹ Af sjónarmiðum sem hafa ber í huga við túlkun staðlaðra skilmála má fyrst nefna að einstaklingsbundin ákvæði sem bætt er við staðlaða skilmála ganga að jafnaði frammar öðrum ákvæðum. Þá verður hlutlægum mælikvarða almennt beitt við túlkun samningsákvæða, þ.e. almennur mælikvarði er lagður á skilgreiningu orða og hugtaka. Ef um ræðir tvíhliða skilmála er almennt kostur að líta til tilgangs og afstöðu aðila við undirbúning samningsgerðar. Þá er andskýringarreglu almennt beitt þegar um ræðir einhliða skilmála, sjá umfjöllun í kafla 5.2.2. Jafnframt er talið að ákvæði sem eru áberandi íþyngjandi fyrir þann aðila sem ekki samdi skilmálana, skuli túlkuð þröngt. Að lokum hefur það sjónarmið verið lagt til grundvallar að ef vafi er um túlkun einstakra ákvæða er eftir atvikum unnt að líta til hliðstæðra en nákvæmari eða skýrari ákvæða í sviplíkum skilmálum annarra aðila á sama viðskiptasviði. Ávallt verður túlkunin þó að leiða til eðlilegrar niðurstöðu miðað við aðstæður, forsendur og væntingar aðila hverju sinni.¹⁰⁰

⁹⁷ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 63.

⁹⁸ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 5.

⁹⁹ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 160.

¹⁰⁰ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 161.

Þrátt fyrir að innihalda engar eiginlegar túlkunarreglur þá felast í ákvæðum laga um neytendalán og laga um fasteignalán til neytenda ýmsar meginreglur sem snúa að því að tryggja vernd neytandans, í samræmi við markmið laganna. Í lögnum báðum má meðal annars finna ákvæði sem snúa að upplýsingaskyldu, árlegri hlutfallstölu kostnaðar, lánhæfis- og greiðslumati og rétti til að falla frá samningi. Áhugavert að líta til ákvæða beggja lagabálkanna um upplýsingagjöf en í báðum lögnum eru gerðar ítarlegar kröfur til upplýsingagjafar lánveitanda til neytanda fyrir og við gerð lánsamninga. Af skoðun á ákvæðunum má þó draga þá ályktun að ákvæði neytendalánalaganna séu nákvæmari um þessi efni en ákvæði laga um fasteignalán til neytenda. Jafnframt er í báðum lögnum að finna skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem notuð eru í stöðluðum skilmálum.

Telja verður að framangreind ákvæði um skyldur lánveitanda og réttindi neytanda geti haft áhrif á túlkun staðlaðra samnings-skilmála þegar þeir eru hluti af lánsamningi. Við fyllingu skilmála gæti komið til þess að litið yrði til ákvæða laganna þegar deilt er um efni samnings og skýring hrekkur ekki til. Jafnframt gæti það haft áhrif á skuldbindingargildi samnings þegar löggjöf um neytendalán er brotin, sbr. dómaframkvæmd í kafla 5.3 um samspil túlkunar og ógildingar. Sjá má merki þess í dómaframkvæmd að litið sé til löggjafar um neytendalán, en þar má nefna *Lrd. 25. janúar 2019 (503/2018)* þar sem sagði:

Eins og nánar er rakið að framan var skýrt kveðið á um það í 2.-3. grein skuldabréfsins að áfrýjandi skyldi greiða breytilega eins mánaðar LIBOR-vexti af hvorri mynt lánsins ásamt föstu vaxtaálagi út lánstímann. Í skuldabréfinu var jafnframt tilgreint hver vaxtaföturinn væri við útgáfu skuldabréfsins að viðbættu föstu vaxtaálagi. Áfrýjanda gat því ekki dulist að á honum hvíldi skuldbinding til að greiða vexti sem myndu taka breytingum til hækkunar eða lækkunar út lánstímann. Skortur á útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, samantekt á heildarlántökukostnaði og áætlaðri fjárhæð einstakra greiðslna getur eðli máls samkvæmt engu breytt um það.

Dómurinn hafnaði því að sú staðreynd að lánveitandi hefði vanrækt að veita tilteknar upplýsingar um heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar í lánsamningi, í samræmi við 6. og 7. gr. eldri laga um neytendalán nr. 121/1994, skyldi hafa áhrif á túlkun samningsins þar sem ákvæði samningsins um greiðslu vaxta hefðu verið nægilega skýr. Draga má þá ályktun af dómnum að hefðu ákvæði samningsins ekki verið nægilega skýr um vaxtagreiðslur hefði brot á neytendalánalögnum mögulega haft áhrif á túlkun samningsins.

Þá getur jafnframt reynt á túlkun skilmála samnings þegar skoðað er hvort lánveitandi hafi í raun uppfyllt skyldur sínar samkvæmt neytendalánalögum og lögum um fasteignalán. Í því sambandi má nefna *Hrd. 26. nóvember 2015 (243/2015)* þar sem talið var að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. eldri laga um neytendalán nr. 121/1994 hefði hvílt sú skylda á lánveitanda við gerð lánsamningsins að veita neytendum, þ.e. lántökum, upplýsingar um fjögur atriði. Í fyrsta lagi

átti að veita upplýsingar um höfuðstól lánsins sem væri fjárhæð þess án nokkurs kostnaðar, í öðru lagi um heildarlántökukostnað, í þriðja lagi um árlega hlutfallstölu kostnaðar sem skyldi lýst sem árlegri prósentu heildarlántökukostnaðarins af höfuðstól skuldarinnar og í fjórða lagi um heildarupphæð sem greiða ætti og væri samtala höfuðstóls, vaxta og lántökukostnaðar. Með hliðsjón af orðalagi skuldabréfsins og þeirri fjármálaráðgjöf sem leggja yrði til grundvallar að lánveitandinn hefði veitt við undirritun lánsins taldi Hæstiréttur að lánveitandi hefði fullnægt þeirri upplýsingaskyldu sem á honum hefði hvílt samkvæmt þágildandi lögum nr. 121/1994. Hér liggur því til grundvallar að Hæstiréttur lítur meðal annars til orðalags lánsamningsins sjálfs við ályktun um hvort að fyrrgreindri upplýsingaskyldu sé fullnægt.

Til viðbótar við framangreind sjónarmið við túlkun staðlaðra samningsskilmála við lánveitingar til neytenda má nefna að 36. gr. b í samningalögnum er sérstök skýrleika- og túlkunarregla, sem er einskorðuð við skriflega samninga sem atvinnurekendur hafa gert við neytendur.¹⁰¹ Ákvæði 36. gr. b felur í sér sérsjónarmið við túlkun staðlaðra skilmála, sem falla undir gildissvið þess, og ákvæðið er skýrt um þá túlkunaraðferð sem beita skal. Nánar er fjallað um 36. gr. b og dómaframkvæmd þar sem reynir á ákvæðið, í kafla 5.2.2 um túlkunarreglur.

5.2.2 Túlkunarreglur

Reglur um túlkun samninga hafa oft myndast við eins konar málamiðlun á milli þess gildis sem liggur í að fá hæfilega niðurstöðu túlkunar í hverju tilfalli og þess gildis sem liggur í að hafa fastar reglur og fyrirsjáanlegar niðurstöður.¹⁰² Þær eru ýmist lögfestar eða ólögfestar, en meðal þeirra sem veita innsýn í túlkun staðlaðra samningsskilmála á sviði lánveitinga til neytenda er hin ólögfesta andskýringarregla og hin lögfesta 36. gr. b í samningalögnum.

Samkvæmt andskýringarreglunni ber að jafnaði að skýra umdeilanleg eða óskýr samningsákvæði þeim aðila í óhag sem samdi þau einhliða.¹⁰³ Jafnframt skal skýra samningsákvæði þeim aðila í óhag sem ráðið hefur til lykta þeim atriðum er ágreiningi valda eða sem hefði átt að hlutast til um skýrara form samnings. Almennt má segja að báðir eða allir aðilar sem koma að samningsgerð eigi að tjá sig með skýrum hætti, en oft hefur annar aðili yfirburðastöðu og ætla má að samningsákvæði séu gerð með hagsmuni hans í huga. Af þeim sökum þykir ástæða til þess að gera strangari kröfur um skýrleika yfirlýsingar þess aðila sem er ráðandi við samningsgerð, þegar samningar eru túlkaðir.¹⁰⁴ Andskýringarreglan á einkum

¹⁰¹ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 69.

¹⁰² Carl Jacob Arnholm: *Lærebok i avtalerett*, bls. 37.

¹⁰³ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 5.

¹⁰⁴ Carl Jacob Arnholm: *Lærebok i avtalerett*, bls. 36.

við ef aðili nýtur slíkra yfirburða við samningsgerðina, til dæmis í formi sérkunnáttu, lögfræðilegrar eða annarrar sérfræðilegrar aðstoðar eða möguleika á að afla slíkrar aðstoðar. Þá felur reglan í sér að hafi samningsaðili að ráðnum hug sett fram villandi eða tvíræðar yfirlýsingar, myndi hann verða að lúta skýringu gagnaðila á þeim ákvæðum. Sérstakar kröfur eru gerðar til skýrleika slíkrar villandi viljayfirlýsingar ef aðili sem setur hana fram öðlast eða reynir að öðlast óvenjulega hagstæð samningskjör.¹⁰⁵

Andskýringarreglunni hefur verið beitt við túlkun ákvæða staðlaðra samningsskilmála.¹⁰⁶ Draga má þá ályktun að helst sé reglunni beitt við túlkun *einhlíða* staðlaðra skilmála, vegna aðstöðumunar aðila við þær aðstæður. Reglan byggir á þeirri forsendu að eðlilegt sé að ábyrgðin liggja hjá þeim aðila sem mótað hefur samninginn einhlíða, og hvetur það semjendur skilmála til að hafa þá skýra og skiljanlega.¹⁰⁷ Því má segja að andskýringarreglan feli í sér réttarvernd tilteknum hópi manna til handa annars vegar og almenn varnaðaráhrif hins vegar.¹⁰⁸

Fræðimenn hafa ekki verið á einu máli um ágæti andskýringarreglunnar, þar sem því hefur verið haldið fram að hún feli í sér of mikla einföldun á flóknum veruleika túlkunar.¹⁰⁹ Þrátt fyrir tilvist reglunnar verður túlkandinn ávallt að leggja sjálfstætt mat á atvik máls við túlkun samnings, en reglunni er þó án efa beitt af dómstólum.¹¹⁰ Um beitingu andskýringarreglunnar við túlkun staðlaðra skilmála má meðal annars nefna *Hrd. 30. mars 2010 (442/2009)*, þar sem viðskiptabanki var látinn bera hallann af óljósu orðalagi skilmála gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamnings við viðskiptamann. Í dómnum segir:

Við skýringu orðalags skilmálanna verður að hafa í huga að þeir eru einhlíða samdir af stefnda [bankanum], sem stundar fjármálastarfsemi og er sérfræðingur á því sviði, og að þeir eru einhlíða í þágu stefnda [bankans]. Stefndi verður því að bera halla af óljósu orðalagi þeirra, sé ekki sannað að úr óvissu hafi verið bætt með kynningu eða á annan hátt. Verður því ekki, án frekari skýringa í textanum, fallist á eins rúma túlkun þessara orða og stefndi [bankinn] heldur fram.

Við túlkun staðlaðra skilmála lánssamninga við neytendalán væri andskýringarreglunni almennt beitt, þar sem líkt og fyrr hefur verið tilgreint, er þar í flestum tilvikum um einhlíða samda skilmála að ræða.¹¹¹ Þó kemur við neytendalán einnig til skoðunar 36. gr. b sml., en ákvæðið felur í sér tvær reglur, þ.e. annars vegar skýrleikareglu í fyrri málslíð og túlkunarreglu í síðari málslíð. Þá er í 2. mgr. 36. gr. b sml. kveðið á um að túlkunarreglan gildi ekki þegar

¹⁰⁵ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 57.

¹⁰⁶ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 7.

¹⁰⁷ Ulf Bernitz: *Standardavtalsrátt*, bls. 105.

¹⁰⁸ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 5.

¹⁰⁹ Jan Hellner: „Tolkning av standardavtal“, bls. 266.

¹¹⁰ Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“, bls. 6.

¹¹¹ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 63; *Neytendavernd á fjármálamarkaði*, bls. 53.

aðilar eða stofnanir sem hafa það hlutverk að vernda neytendur geta gripið til aðgerða samkvæmt landslögum til að fá úr því skorið hvort samningsskilmálar sem ætlaðir eru til almennrar notkunar séu ósanngjarnir. Telja má líklegt að skilmálar flestra lánsamninga sem neytendur gera við lánveitanda samkvæmt lögum um neytendalán eða fasteignalán til neytenda falli undir gildissvið neytendaákvæða samningalaganna í 36. gr. a-d sml., og að túlka beri þá í samræmi við 36. gr. b sml. sé nánari skilyrðum greinarinnar, sem rakin verða hér, fullnægt. Nánar um gildissvið neytendaákvæða samningalaganna er fjallað í kafla 2.1.

Skýrleikareglan í fyrri málslið 36. gr. b sml. er einskorðuð við skriflega samninga sem atvinnurekendur gefa neytendum kost á, og kveður reglan á um að slíkir samningar skuli vera á skýru og skiljanlegu máli. Ekki þótti ástæða til að mæla fyrir um kröfu til skýrleika munnlegra samninga við setningu ákvæðisins, þó reglan nái í raun til slíkra samninga.¹¹² Fræðimenn hafa haldið því fram að reglan miðist ekki eingöngu við skilmála sem samdir eru fyrirfram, heldur að allir samningar á milli atvinnurekanda og neytanda falli undir regluna.¹¹³ Sú ályktun er þó ekki augljós af orðalagi fyrri málsliðar 36. gr. b sml. eða samhengi ákvæðisins við það gildissvið sem 36. gr. a sml. afmarkar. Skýrleikareglan felur í sér áminningu til atvinnurekanda um skýra og vandaða samningsgerð, en sé skýrleikasjónarmiði ekki fullnægt gæti það haft áhrif á túlkun samningsins.¹¹⁴

Túlkunarreglan í síðari málslið 36. gr. b sml. kveður á um að komi upp vafi um merkingu samnings skuli túlka hann neytandanum í hag. Með reglunni var því í raun fyrrgreind andskýringaregla lögfest, til styrkingar réttar neytenda. Gildissvið síðari málsliðarins er einskorðuð við samninga sem ekki hefur verið samið um sérstaklega, sbr. 36. gr. a sml. Jafnframt gildir reglan einungis um sannaðar staðreyndir og er ekki sönnunarregla.¹¹⁵ Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 14/1995 var tekið fram að ekki reyni á regluna nema vafi komi upp varðandi merkingu samnings við hefðbundna túlkun. Séu aðilar sammála um túlkun sé því vafi ekki til staðar. Það sem er neytanda í hag, samkvæmt orðalagi ákvæðisins, er líklega misjafnt eftir atvikum hverju sinni, en í athugasemdunum er gengið út frá því að skilningur neytandans eigi að ráða í þeim efnum. Þá er jafnframt áréttingu á beitingu reglunnar að finna í almennum athugasemdum frumvarpsins, sem segir að ef mismunandi túlkunarreglur samningaréttarins stangast á í vafatilvikum, hljóti framangreind lögfest túlkunarregla, neytanda í hag, að ganga fyrir innan gildissviðs reglnanna. Því má ætla

¹¹² Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 926.

¹¹³ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 69-70.

¹¹⁴ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 70.

¹¹⁵ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 70-71.

að við túlkun einhliða, staðlaðra skilmála við lánveitingar til neytenda, komi til túlkunar samkvæmt 36. gr. b sml. fremur en annarra túlkunarreglna.¹¹⁶

Ekki hefur fallið Hæstaréttardómur hér á landi þar sem neytendaákvæði samningalaganna hafa beinlínis ráðið úrslitum og því hafa fræðimenn haldið því fram að ákvæðin hafi litla sjálfstæða þýðingu.¹¹⁷ Sjá má af nýlegri dómaframkvæmd að dómum er sífellt að fjölga þar sem neytendur bera fyrir sig ákvæðin og þar sem málartilbúnaður aðila snýr að ákvæðunum. Því má jafnvel álykta að gildi ákvæðanna gæti haldið áfram aukast með tíð og tíma. Í þessu samhengi má meðal annars benda á *Hrd. 13. maí 2015 (160/2015)*, þar sem neytandi byggði kröfu sína, við kæru á úrskurði héraðsdóms um fjárnámsgerð, á því að verðtryggingaákvæði skuldabréfs væri í andstöðu meðal annars við túlkunarreglu 36. gr. b sml., en fjárhæð verðtryggingaákvæðisins var bundin vísitölu neysluverðs samkvæmt heimild í vaxtalögum. Nánar tiltekið bar neytandi fyrir sig 36. gr. sml. og 36. gr. a-c sml. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu hins kærða úrskurðar, um að 36. gr. og 36. gr. a-c sml. gætu aðeins tekið til skilmála um þá þrjá þætti í lánsamningi sem aðilum hans væri að lögum frjálst að semja um að því er varðaði verðtryggingu með vísitölu neysluverðs. Þeir þættir væru nánar tiltekið hvort fjárhæð lánsins skyldi yfirleitt vera háð verðtryggingu að hluta eða öllu leyti, hvort þar yrði miðað við vísitölu neysluverðs eða hlutabréfavísitölur samkvæmt 2. mgr. 14. gr. vaxtalaga og hver grunnvísitalan skyldi vera. Taldi Hæstiréttur að ekki væru efni til að líta svo á að skilmálar um þessi þrjú atriði í skuldabréfinu hefðu strítt gegn góðum viðskiptaháttum og raskað til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna neytanda í óhag, þannig að þeir yrðu taldir ósanngjarnir í skilningi 3. mgr. 36. gr. c. laga sml. Í málinu má sjá ríka áherslu sem aðilar, og þá helst neytandi, leggja á neytendaákvæði samningalaganna, þar á meðal túlkun skv. 36. gr. b sml., og tilskipun ráðsins 93/13/EBE sem ákvæðin innleiddu.

5.3 Samspil túlkunar skilmála við lánveitingar til neytenda og ógildingarreglna

Löggerningur verður einungis ógiltur með dómi, og oftast eftir kröfu málsaðila.¹¹⁸ Leiðir það meðal annars af meginreglunni um skuldbindingargildi samninga, en ógildingarreglur samningaréttarins hafa verið taldar til undantekninga frá þeirri meginreglu.¹¹⁹ Nefna má tvær ógildingarreglur, þar sem sérstök áhersla er lögð á neytendavernd í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga sem lögfestu reglurnar, þ.e. almenna ógildingarreglan í 36. gr. sml.¹²⁰

¹¹⁶ Alpt. 1994-95, A-deild, bls. 926.

¹¹⁷ Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 73.

¹¹⁸ Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 222.

¹¹⁹ Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og megineinkenni íslensks samningaréttar“, bls. 58.

¹²⁰ Alpt. 1985-86, A-deild, bls. 2158.

og ógildingarreglan í 36. gr. c. sml.¹²¹ Í 1. mgr. 36. gr. sml. er kveðið á um að samningi megi víkja til hliðar í heild eða hluta, eða breyta, ef talið yrði ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Í 2. mgr. 36. gr. er að finna til hvaða atriða skal líta við mat skv. 1. mgr. Aftur á móti er ákvæði 36. gr. c sml. einskorðað við samninga skv. 36. gr. a, og segir í 1. mgr. ákvæðisins að 36. gr. skuli gilda um slíka samninga með þeim breytingum sem leiða af 2. og 3. mgr. 36. gr. c. Síðastnefndar málsgreinar fela í sér sérreglur á borð við til hvers skuli líta við mat á ósanngirni, í hverju ósanngirni felist og réttaráhrif þess að skilmála sé vikið til hliðar.¹²²

Staðlaðir skilmálar lánessamninga þurfa þó ekki að vera ógildanlegir þegar þeir eru túlkaðir neytenda í hag. Hins vegar getur túlkun og ógilding farið saman eða tengst að öðru leyti, líkt og ráða má af dómaframkvæmd. Aðalefni laga nr. 14/1995, sem lögfestu neytendaákvæði samningalaganna, eru reglur um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum, en þar að auki var lögfest skýrleika- og túlkunarreglan 36. gr. b og bann við tilteknum lagavalsákvæðum í samningum atvinnurekenda og neytenda í 36. gr. d.¹²³ Draga má þá ályktun að skýrleika- og túlkunarreglunni sé ætlað að jafna aðstöðumun atvinnurekanda og neytanda án tillits til þess hvort ákvæði samnings séu ósanngjörn og ógildanleg, en ákvæði 36 gr. b sml. gerir kröfu um vafa um merkingu samnings en ekki ósanngirni. Þá má jafnframt velja því upp að sé samningur eða ákvæði túlkað á þann veg að hagur neytanda sé tryggður skv. 36. gr. b sml., er ólíklegt að forsenda sé til ógildingar skv. 36. gr. eða 36. gr. c sml., þrátt fyrir að ekkert sé útilokað í þeim efnum. Ekki hefur fallið skýr dómur um framangreint, en telja má að frummarkmið túlkunar neytanda í hag, sé að fylgja meginreglunni um skuldbindingargildi samninga.

Þá má sjá þess dæmi í dómaframkvæmd að kröfugerð sé hagað á þann hátt að staðlaðir skilmálar séu í andstöðu við 36. gr. sml. sem og 36. gr. a-c, líkt og sjá má í *Hrd. 13. maí 2015 (160/2015)* sem reifaður er hér að ofan. Því er krafa bæði gerð á þeim grundvelli að ógilda eigi ákvæðið samkvæmt almennu ógildingarreglunni í 36. gr. sml., að skilmálar séu ekki skýrir eða skiljanlegir samkvæmt fyrri málslíð 36. gr. b, að túlka skuli skilmálana neytanda í hag samkvæmt síðari málslíð 36. gr. b og ógildingar jafnframt krafist á grundvelli 36. gr. c. Að lokum má benda á *Hrd. 26. nóvember 2015 (243/2015)*, sem sýnir samspil túlkunar og ógildingar í réttarframkvæmd. Í málinu kom til álita hvort víkja ætti til hliðar ákvæðum skuldabréfs á grundvelli 36. gr., sbr. 36. gr. c sml. Neytendur báru einnig fyrir sig 36. gr. b sml. í kröfugerð sinni, þó að ekki hafi verið sett fram rökstudd krafa um að túlka ætti samninginn

¹²¹ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 921.

¹²² Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur*, bls. 71-72.

¹²³ Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 921.

neytendum í hag. Í niðurstöðu Hæstaréttar var tekin afstaða til þess hvort lánveitandi hafi látið hjá líða að veita neytendum upplýsingar um efni og áhrif skilmála skuldabréfsins í þeim mæli að ósanngjarnt væri af lánveitanda eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera þá fyrir sig. Hæstiréttur hafnaði því að víkja til hliðar ákvæðunum, þar sem með hliðsjón af orðalagi skuldabréfsins og þeirri fjármálaráðgjöf sem veitt var taldist lánveitandi hafa fullnægt þeirri upplýsingaskyldu sem á honum hefði hvílt samkvæmt þágildandi neytendalánalögum. Hér má sjá að fram fór túlkun á skilmálum bréfsins þar sem metið var út frá niðurstöðu túlkunar hvort að ósanngjarnt væri af lánveitanda að bera fyrir sig samninginn, og ógildingu í framhaldi hafnað. Hæstiréttur tók ekki afstöðu til kröfu neytenda skv. 36. gr. b, en telja má að rétturinn hafi ekki talið vafa vera um merkingu samnings, líkt og ákvæðið áskilur.

6 Lokaorð

Í ritgerð þessari hefur verið leitast við að svara þeirri spurningu hvaða sjónarmið gildi við túlkun staðlaðra samningsskilmála við lánveitingar til neytenda. Við neytendalán er lánveitandi í sterkari stöðu við samningsgerð heldur en neytandi, meðal annars vegna sérfræðikunnáttu. Helst ber þó á milli aðilanna að lánveitandi semur skilmálana í flestum tilvikum einhliða, þar sem tilhneiging er til eigin hagsmunagæslu. Fræðimenn hafa fjallað um hvernig slík samningsgerð geti minnt á samskipti úlfs og lambs, og í ritgerðinni er fjallað um hvernig þetta einkenni hefur veigamikil áhrif á túlkun skilmála lánasamnings við neytendalán. Í réttarframkvæmd og fræðiskrifum hafa mótast annars vegar meginsjónarmið og hins vegar túlkunarreglur um túlkun staðlaðra skilmála, sem hvoru tveggja voru skoðuð í ritgerðinni, með áherslu á neytendalán. Bæði meginsjónarmið og túlkunarreglur benda í sömu átt, þ.e. að beri samningsaðilum ekki saman um hvernig túlka skuli skilmála lánsamningsins er samningurinn almennt túlkaður lánveitanda í óhag. Þetta er meðal annars tilkomið vegna túlkunarreglunnar sem nefnist andskýringarregla og hinnar lögfestu túlkunarreglu 36. gr. b í samningalögum. Sjá má merki þessarar tilhneingingar í dómaframkvæmd sem rakin er í ritgerðinni, en þó er þessu sjónarmiði ekki beitt af dómstólum í blindni heldur er hvert tilvik háð mati. Þá getur túlkun staðlaðra skilmála spilað saman við ógildingarreglur, líkt og rakið var í ritgerðinni.

Telja verður að eðlilegt sé að neytandi fái notið vafans komi upp ágreiningur um túlkun skilmála við neytendalán. Þá ályktun má bæði styðja við framangreindan aðstöðumun og hversu vel lánveitanda er í lófa lagið að semja skýra skilmála, en ekki síst vegna þess að það er í samræmi við lög sem sett eru til verndar neytendum, þar á meðal meginreglur neytendalánalaga og laga um fasteignalán til neytenda.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Ása Ólafsdóttir: „Grunnreglur og meginþekki íslensks samningaréttar“. *Afmælisrit. Páll Sigurðsson sjötugur.* Ritstj. Eyvindur G. Gunnarsson. Reykjavík 2014, bls. 49-73.

Ása Ólafsdóttir og Eiríkur Jónsson: *Neytendaréttur.* Reykjavík 2009.

Bert Lehrberg: *Avtalstolkning. Tolkning av avtal och andra rättshandlingar på förmögenhetsrättens område.* 8. útgáfa. Uppsala 2019.

Carl Jacob Arnholm: *Lærebok i avtalerett.* Oslo 1969.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar.* Reykjavík 2008.

Eyvindur G. Gunnarsson: „Um túlkun samninga“. *Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Lagadeild.* Ritstj. Hrefna Friðriksdóttir. Reykjavík 2012, bls. 1-11.

Henry Ussing: *Aftaler. Paa formuerettens omraade.* 3. útgáfa. Kaupmannahöfn 1984.

Jan Hellner: „Tolkning av standardavtal“. *Jussens Venner*, 4. tbl. 1994, bls. 266-278.

Matthías G. Pálsson: „Samningalögin sjötug – standast þau tímans tönn?“. *Tímarit lögfræðinga*, 1. tbl. 2007, bls. 83-94.

Neytendavernd á fjármálamarkaði. Skýrsla nefndar. Forsætisráðuneytið, Reykjavík 2013.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur. Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar.* Reykjavík 1987.

Ulf Bernitz: *Standardavtalsrätt.* 9. útgáfa. Stokkhólmur 2018.

Viðar Már Matthíasson: „Nýjungar í norrænum samningarétti“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 1984, bls. 53-70.

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efndir kröfu.* Reykjavík 2009.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 30. mars 2010 (442/2009)

Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)

Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)

Hrd. 16. september 2010 (471/2010)

Hrd. 21. nóvember 2013 (391/2013)

Hrd. 5. mars 2015 (625/2014)

Hrd. 26. nóvember 2015 (243/2015)

Hrd. 13. maí 2015 (160/2015)

Hrd. 15. júní 2017 (861/2016)